



19. apríl 2021
Tilv.: 2103251

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (dregið úr reglubyrði), 643. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 30. mars 2021 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (dregið úr reglubyrði), 643. mál. Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 sem breytir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR).

Seðlabanki Íslands gerir athugasemdir við breytingartillögur í 2. gr. frumvarpsins. Í núverandi 4. mgr. 3. gr. laga 15/2018 segir „Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands teljast lögbær stjórnvöld í skilningi 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.“ Í 2. tl. 2. gr. frumvarpsins er lagt til eftirfarandi: „Í stað orðanna „og Seðlabanki Íslands teljast lögbær stjórnvöld“ í 4. mgr. kemur: telst lögbært yfirvald.“


Samkvæmt því yrði Fjármálaeftirlitið eitt tilgreint sem lögbært stjórnvald, í skilningi 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, en ekki Seðlabanki Íslands, næði frumvarpið fram að ganga óbreytt. Breytingin er sögð taka mið af því að Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið hafi verið sameinuð í eina stofnun. Virðist það skjóta skökku við í ljósi breytingartillögunnar, en óumdeilt er að við sameininguna fluttust öll verkefni Fjármálaeftirlitsins til Seðlabankans. Er það enda alveg ljóst að samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, eins og þeim var breytt með lögum nr. 91/2019, að „Fjármálaeftirlitið“ er ekki lengur til sem lögpersóna eða stofnun, og að skilja beri tilvísanir í lögum til „Fjármálaeftirlitsins“ sem tilvísun til Seðlabanka Íslands og verkefna hans á sviði fjármálaeftirlits, sbr. einnig ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands.

Tilvísanir til „Fjármálaeftirlitsins“, eru því eingöngu tilvísanir til eftirlitsstarfsemi Seðlabankans sem honum er lögum samkvæmt falið að sinna, en ekki tilgreining á stofnun og þar með aðila sem bær er að lögum til að bera skyldur eins og þær sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Þá ber að líta til þess að þau eftirlitsverkefni sem Seðlabankanum eru falin með frumvarpinu og lögum nr. 15/2018 kunna að varða starfsemi bankans á ýmsan hátt. Upplýsingar úr afleiðuviðskiptaskrár eru t.d. nýttar vegna eftirlits í þágu fjármálastöðugleika. Þær nýtast einnig við framkvæmd peningastefnunnar hvað varðar greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins og til að gefa vísendingar um viðhorf markaðar til útgefenda skuldabréfa, svo eitthvað sé nefnt.

Því er eindregið lagt til að Seðlabanki Íslands verði einn skilgreindur sem lögbært stjórnvald og 4. mgr. 3. gr. laga 15/2018 verði svohljóðandi: „*Seðlabanki Íslands telst lögbært stjórnvald í skilningi 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.*“. Um leið yrði tryggt samræmi við 77. gr. laga 91/2019 en þar var 5. gr. laga nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, þar sem fjallað er um upplýsingagjöf til evrópskra eftirlitsstofnana, breytt svo að Seðlabanki Íslands er þar tilgreindur sem það stjórnvald sem veitt getur upplýsingar en Fjármálaeftirlitið var tekið úr lagaákvæðinu, eins og eðlilegt var eftir gildistöku laga nr. 92/2019 um Seðlabankann. Í íslenski þýðingu EMIR reglugerðarinnar er í 13. lið 1. gr. talað um „*lögbært yfirvald*“ og ber það ábyrgð á framkvæmd skyldustarfa sem leiða af reglugerðinni. Tilgreiningin á lögbæru yfirvaldi/stjórnvaldi hefur bæði þýðingu gagnvart annars vegar markaðnum og eftirlitsskyldum aðilum og hins vegar gagnvart lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og stofnunum EFTA og ESB.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Asgeir Jensson,
seðlabankastjóri